



**Austurbrú ses. – 18. stjórnarfundur
haldinn þriðjudaginn 21. maí 2013
í fundarsal Austurbrúar að Vonarlandi Egilsstöðum**

Mættir: Valdimar O. Hermannsson, Sverrir Mar Albertsson, Þórunn Eymundardóttir, Skúli Björn Gunnarsson, Sigrún Blöndal og Gauti Jóhannesson sem varamaður Arnbjargar Sveinsdóttur. Rögnvaldur Ólafsson boðaði forföll. Einnig sat fundinn Karl Sölvi Guðmundsson framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Fundargerðir stjórnar og framkvæmdaráðs
2. Ársfundur Austurbrúar
3. Aðkoma Austurbrúar að HH o.fl.
4. Önnur mál

Formaður setti fund kl. 15.00 og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnar staðfest og undirrituð

Fundargerð 17. stjórnarfundar sem send hafði verið í tölvupósti staðfest með undirritun. Fundargerð framkvæmdaráðs frá 13. maí kynnt og undirrituð.

2. Ársfundur Austurbrúar

Ársfundur Austurbrúar hefur verið boðaður 31. maí kl. 14 samkvæmt skipulagsskrá með auglýsingu í Fréttablaðinu 17. maí. Fundarstaður verður Herðubreið á Seyðisfirði og er yfirskrift fundarins, *Í fararbroddi til framtíðar*. Föstudaginn 17. maí var haldinn fundur hagsmunaaðila til að skipa sína 5 fulltrúa í fulltrúaráð fyrir ársfundinn og liggja þau nöfn fyrir. Send verða skrifleg fundarboð til allra stofnaðila.

Stjórn fór yfir skipulag fundarins og hvern dagskrárlið hans. Starfsháttanefnd er búin að vinna tillögur fyrir kjör í stjórn og fagråd. Verið er að vinna tillögur fyrir kjör í önnur embætti og munu formaður og framkvæmdastjóri ljúka því í samráði við starfsháttanefnd.

Samþykkt að kynna ársfundinn vel og send boð um hann sem víðast til þeirra sem tengjast Austurbrú og auglýsa í austfirskum miðlum og RUV.

3. Aðkoma Austurbrúar að HH o.fl.

Rætt var um þær tillögur vinnuhóps stjórnar sem samþykktar voru á síðasta stjórnarfundum. Framkvæmdastjóri fór yfir kostnað vegna tillagnanna og skiptingu fjármuna til þróunar og nýsköpunar innan Austurbrúar. Umræður um innra skipulag hjá Austurbrú og mikilvægi þess að gott samræmi sé milli fjármögnunar verkefna og starfsemi stofnunarinnar.

Varðandi verkefnisstjórn fyrir Þorpið samþykkti stjórn að tilnefna Sigrúnu Blöndal í verkefnisstjórnina. Einnig verður kallað eftir tilnefningum frá SAM-félaginu og frá vöruþróunarverkstæðum.

4. Önnur mál

Önnur mál engin.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17.00.

Skúli Björn ritaði fundargerð

Valdimar O. Hermannsson

Sverrir Mar Albertsson

Gauti Jóhannesson

Sigrún Blöndal

Þórunn Eymundardóttir